

87 Þess að meta fisk fyrir sig, verða að senda um það skriflega beiðni annaðhvort 14. júlí til lögreglustjóra eða yfirmatsmanns sjálfs.

Til aðstoðar við fiskimatið á þessum stöðum skal hann taka með sjer fiskimatsmenn frá Ísafirði. Og fá þeir þá, auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við fiskimatið fæðispeninga og borgun fyrir ferða- og dvalardaga samkvæmt því, sem fyrir er mælt í erindisbrjefinu fyrir þá, og skrifar yfirmatsmaður upp á reikninga þeirra.

Yfirmatsmaðurinn fær á þessum ferðum fæðispeninga 3 kr. á dag og ferðakostnað eptir reikningi, sem lögreglustjóri úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman. Honum er heimilt að krefjast þess, að lögreglustjóri innheimti þetta endurgjald til hans og fiskimatsmanna hjá þeim, sem beið hafa um þá til fiskimatsins.

Annars gilda um fiskimat á þessum stöðum sömu reglur og á Ísafirði samkvæmt erindisbrjefi þessu og erindisbrjefi fiskimatsmanna.

16. gr.

Yfirmatsmaður má eigi vera í þjónustu kaupmanna eða annara, er fisk láta meta til útflutnings.

Hann má ekki framkvæma yfirmat á fiski, sem hann er sjálfur eigandi að eða hefir verkað.

17. gr.

Hann ritar undir eiðstaf um að hann vilji hlýða erindisbrjefi þessu og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, er á honum hvila í stöðu hans.

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem kunna að verða gjörðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júlí 1904.

N. Hafstein.

Fón Hermannsson.

88

28. júní

Samþykkt

um kynbætur hesta í Eyjafjardarsýslu.

1. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppstjórinn annast um, að kosnir sjeu á vor-hreppaskilum ár hvert þrír menn í kynbótanefnd. Hefir hún á hendi alla umsjón með kynbótum hesta í hreppnum eptir því, sem samþykkt þessi ákveður.

2. gr.

88

Kosningarrjett til kynbótanefndar hafa allir hinir sömu og til hrepps-^{28. júní,} nefndar, en kjörgengir eru allir 25 ára karlmenn í sjálfstæðri stöðu. Þá sem eru öðrum háðir má og kjósa, en þó þvíáðeins, að húsbóndinn leyfi. Kosning gildir til eins árs; þó getur enginn skorazt undan kosningu þrjú ár í röð, en að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu um jafnlangan tíma.

Nú þykir kynbótanefndarmaður einkar vel fallinn til þess starfa, og má þá hreppsnefnd veita honum þóknun úr sveitarsjóði, ef hann tekur endurkosningu eptirað hafa verið í kynbótanefnd þrjú ár samfleytt.

3. gr.

Kynbótanefndin skal eiga með sjer tvo fundi á ári að minnsta kosti. Nefndin kýs sjer formann, hann stjórnar fundum hennar, heldur gjörðabók yfir allar ályktanir hennar og framkvæmdir og hefur aðalframkvæmd allra kynbótamála í hreppnum.

4. gr.

Kynbótanefndin skal á hverju vori, svo snemma sem því verður viðkomið, kveðja hreppsbúa til að koma með hryssur sínar og gradhesta til hestamóts á ákveðnum stað í hreppnum, er hún tiltekur. Velur hún þar úr svo marga gradhesta og hryssur, sem hún álitur nægja til kynbóta og fjölgunar í hreppnum. — Fyrir 4—6 beztu gradhestana, tveggja og þriggja vetra, má kynbótanefndin veita tvenn verðlaun (fyrstu og önnur), að upphæð 10—15 krónur. Alla þá gradhesta, er þá ekki hljóta verðlaun, skulu eigendur skyldir til að láta gelda eða geyma á þann hátt, að þeir ekki fylji hryssur. Verðlaunaðra gradhesta verður og að gæta jafnvandlega, en ekki má gelda þá án leyfis kynbótanefndar.

5. gr.

Aðalreglurnar við val á kynbótahestum skulu vera:

- a, að þeir sjeu af sem beztu kyni í báðar ættir.
- b, að þeir sjeu einlitir og af einlitu kyni og hvorki glaseygir nje hringeygir.
- c, að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt, þreknir, fríðir sýnum, rjetthæfðir og prúðir á fax og tagl.
- d, að þeir hafi hreinan gang, hvort heldur þeir eru vakrir eða klár-gengir.

Hryssur þær, sem til kynbóta eru valdar, og einkum þær, er gradhesta skal undan ala, skulu sömu kostum og einkennum búnar sem kynbótahestarnir, að svo miklu leyti, sem því verður viðkomið. — Kynbótanefndin semur eða lætur semja nánari reglur um val á kynbótahrossum.

6. gr.

Gradhestar skulu ekki hafðir til undaneldis fyrir en þeir eru fjöggra vetra, en nota má þá til kynbóta þangað til þeir eru fimmtán vetra; þó má kynbótanefnd víkja frá þessari reglu, ef sjersök ástæða er til, en yngri hest en þrevetr- an má aldrei nota til undaneldis, enda sje hann fyrirtaks vænn og vel þroskaður. Gradhestamæður mega ekki yngri vera en fimm vetra og ekki eldri en átján vetra. Uppeldi og alla meðferð gradhesta og gradhestamæðra skal vanda svo vel, sem frekast er unnt, og skulu settar um það sjerstakar reglur, er kynbótanefndin semur eða semja lætur.

7. gr.

Kynbótanefndin ákveður hverjir af hinum verðlaunuðu gradhestum, sem orðnir eru fjöggra vetra, skulu hafðir til kynbóta í hreppnum hvert ár og skal, eptir því sem við verður komið, aðgreina kyn reiðhesta og áburðarhesta. Fyrir afbragðs kynbótagraðhesta þá, sem orðnir eru fimm ára og eldri, má kynbótanefnd veita allt að þrjátíu króna árlega þóknun til eiganda hestsins. Allá aðra gradhesta, sem náð hafa fjöggra vetra aldri, mega eigendur láta gelda; að öðrum kosti ábyrgist þeir, að slíkir gradhestar eigi gjöri mein.

8. gr.

Eigendur kynbótagraðhesta skulu skyldir til að lána þá til kynfjölgunar í hreppnum, eptir ákvæðum kynbótanefndarinnar. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er undir kynbótahest, skal eigandi greiða þrjár krónur. Borgunin greiðist fyrirfram, en skila verður aptur $\frac{2}{3}$ hennar, ef hryssan fyljast ekki. Skyldir eru eigendur kynbótahesta að hafa þá stöðugt heima frá byrjun maímánaðarar til júnímánaðarloka og halda þá þannig, að auðvelt sje að nota þá. Á öðrum tímum árs skulu eigendur þeirra gæta þeirra svo, að þeir eigi gjöri spell á hrossum manna.

9. gr.

Kynbótanefnd lætur bók fylgja hverjum kynbótahesti og skal í hana rita allar þær hryssur, sem leiddar eru og haldið undir hestinn. Í bókina skal og rita öll þau folöld með lit og einkennum, er undan þeim koma, og sjer kynbótanefndin um, að bækur þessar glatist eigi.

10. gr.

Öll hestfolöld þau, sem ekki eru undan hryssum þeim, sem valdar hafa verið til kynbóta, skal gelda svo fljótt sem við verður komið. Ef þau einhverra orsaka vegna eigi verða gelt, skal gelda slíka gradhesta fyrir marzmánaðarlok, áður en þeir verða tvævetrir.

11. gr.

Kynbótanefndin skal fyrir fardaga ár hvert semja skýrslu um störf sín og árangur þeirra umliðið ár. Skýrsla þessi sje undirrituð af öllum nefndar-

mönnunum og sendist oddvita hreppsnefndarinnar í þeim hreppi fyrir fardaga 88 það ár. Skýrslur þessar skulu svo fylgja hreppsreikningunum áleiðis til sýslu- 28. júní nefndarinnar. Rísi ágreiningur á milli hreppsnefndar og kynbótanefndar, fellir sýslunefndin fullnaðarúrskurð um málið.

12. gr.

Fjárgreiðslur þær, sem nefndar eru í samþykkt þessari, greiðist úr sveitarsjóði, nema öðru vísi sje ákveðið.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 1—50 kr., er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál er rísa útaf brotum gegn samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samkvæmt lögum 11. desembr. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta, sbr. viðaukalög við frammannefnd lög 20. desbr. 1901, er samþykkt þessi staðfest af undirrituðum amtmanni og skal hún öðlast gildi 1. janúar 1905.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 28. júní 1904.

Páll Briem.

Reikningur

89

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1903.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun:			
Í Söfnunarsjóði			kr. 2881 39
2. Tekjur á árinu 1903.			
a. Vextir í Söfnunarsjóði	kr. 111 40		
b. Innkomið fyrir fonografspil frá enskum botn- verping	— 10 00	—	121 40
			<hr/> kr. 3002 79